

Drífa Kristín Þrastardóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Húsakönnun

Seljavegur – Ánanaust – Holtsgata – Vesturgata



Reykjavík 2007

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 135

Húsakönnun

Seljavegur – Ánanaust – Holtsgata – Vesturgata

Staðgreinireitur 1.133.0

Drífa Kristín Prastardóttir, sagnfræðingur
Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður



Reykjavík 2007

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 135

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Drífa Kristín Þrastardóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ritstjóri: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, Drífa Kristín Þrastardóttir sagnfræðingur.

Mynd á forsíðu:

Byggðin suðaustan Ánanausta og Vesturgötu á loftmynd frá 1963. Ljós. Sveinn
Pormóðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SVÞ 001 034 3–3.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 135

Reykjavík 2007

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Húsakönnun

Formáli.....	4
Byggingarsaga.....	5
Varðveislumat.....	20
Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	21

2. Húsaskrá

Ánanaust 11.....	22
Seljavegur 10.....	23
Seljavegur 12.....	24
Seljavegur 32.....	25
Vesturgata 59.....	26
Vesturgata 61.....	27
Vesturgata 65.....	28
Vesturgata 65a.....	29
Vesturgata 69.....	30
Vesturgata 71.....	31
Vesturgata 73.....	32
Vesturgata 75.....	33
Heimildaskrá.....	34
Myndaskrá.....	37

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireit **1.133.1** í Reykjavík, en svæðið afmarkast af Seljavegi, Holtsgötu, Ánanaustum og Vesturgötu. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur er innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Húsin á reitnum eru frá ýmsum tímum, en elsta húsið var byggt árið 1881 og það yngsta árið 1998. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi og upprunalega gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*, sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*. Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

Apríl 2007,


Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireit **1.133.1** í Reykjavík, sem kallaður er „Sóttvarnarhússreitur“.

Staðsetning

Svæðið sem er til umfjöllunar afmarkast af Seljavegi, Holtsgötu, Ánanaustum og Vesturgötu.



Kort af svæðinu úr Borgarvefsjá.¹

Húsagerð og aldur

Á reitnum standa í dag tólf hús og eru þrjú þeirra timburhús, átta steinsteypt og eitt samsett úr steinbæ og timburhúsi. Sex húsanna eru einlyft, þrjú eru tvílyft og þrjú eru þrílyft.

Hús þessi voru byggð á ýmsum tímum og spannar aldursdreifing þeirra meira en hundrað ár. Elsta húsið á reitnum, Vesturgata 61, er í raun tvö hús sem sameinuð hafa verið undir einu húsnúmeri. Hið eldra þeirra, timburhús sem kallast Jórunnarsel, var byggt árið 1881, en hitt húsið, steinbærinn Litlasel, var reist árið 1889. Af hinum húsunum eru tvö frá 1. áratug 20. aldar, tvö frá 3. áratugnum, tvö sem voru byggð um miðjan 5. áratuginn, eitt frá 6. áratugnum og þrjú fjölbýlishús sem reist voru á 9. áratugnum. Yngstu byggingarnar á reitnum, leikskólabyggingar við Seljaveg 12, voru byggðar árið 1998.

Eins og gefur að skilja eru á reitnum húsagerðir frá hinum ýmsu skeiðum byggingarsögunnar. Jórunnarsel er lítið hús byggt af timburbindingi múruðum með múrsteini. Það er af þeirri látlausu gerð timburhúsa sem efnaminna fólk reisti sér í Reykjavík á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum þeirrar 20. Einkenni þeirra húsa eru að þau eru lítil, lágreist, laus við allt skraut og einföld að frágangi. Yfirleitt eru

¹ <http://www.borgarvefsja.is/website/bvs/bvs.html>, 29.01.2007.

Þau einlyft, ýmist með lágu risi eða nýtanlegri rishæð. Þau elstu og minnstu eru oft ekki nema herbergisdýpt á breidd. Gengið var inn í þessi hús um inngönguskúr á gafli eða bakhlið. Að utan voru þau jafnan klædd með bárujárni á veggjum og þaki.² Jórunnarsel var í upphafi einungis klætt bárujárni á þaki en síðar voru veggir þess einnig klæddir bárujárni. Húsið við Seljaveg 10, sem byggt var árið 1905, má telja sem yngra hús af þessari sömu gerð en það var upphaflega nokkru minna en nú og með inngönguskúr við eina hlið. Það hefur verið bárujárnsklætt frá upphafi. Sóttvarnarhúsið svokallaða við Ánanaust 11, sem byggt var að mestu á árunum 1903–1906, er einnig látlaust bárujárns hús en það hefur ýmis einkenni svokallaðra sveitserhúsa. Sveitser er norskt byggingarlag sem barst til landsins skömmu fyrir aldamótin 1900 og Íslendingar aðlöguðu að íslenskum aðstæðum. Þessi hús stóðu yfirleitt á hærri kjallara en litlu timburhúsin og voru byggð með háu porti, risi og stóru þakskeggi, oft með einhvers konar útbyggingum og útskornu skrauti undir þakskeggi og umhverfis glugga og dyr.³ Sóttvarnarhúsið má segja að hafi lag sveitserhúsa, það er portbyggt með kvistútbýggingu og stendur á allháum kjallara, en er að öðru leyti mun látlausara en dæmigerð sveitserhús.



Gamla sóttvarnarhúsið við Ánanaust á mynd frá um 1970.⁴

Litlasel er svokallaður steinbær, en það er húsagerð sem varð algeng í úthverfum Reykjavíkur á síðustu áratugum 19. aldar, eftir að Íslendingar lærðu þá iðn að höggva til grjót. Það var einkum alþýðufólk og ekki síst tómt húsmenn sem byggðu sér steinbæi til íbúðar en áður bjuggu reykvískir tómt húsmenn í torfbæjum. Segja má að steinbæirnir hafi orðið arftakar torfbæjanna í Reykjavík og oft risu þeir á bæjarstæðum eldri tómt húsbýla. Steinbæirnir voru byggðir þannig að hliðarveggirnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grjóti en gaflarnir voru úr timbri, ýmist að öllu leyti eða til háls þannig að neðri hlutinn var steinhleðsla. Gluggar voru yfirleitt aðeins á göflum og þakið var jafnan bárujárnsklætt.

² Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 114 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 112.

³ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 112 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 109–111

⁴ Ljós. Sveinn Þórðarson. *Mínjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, SP 997.

Að innan voru bæirnir þiljaðir. Segja má að lag torfbæjarins hafi þarna verið lagað að nýjum aðstæðum og er hér um sérreykvískt fyrirbæri að ræða.⁵ Samkvæmt könnun Árbæjarsafns árið 1991 stóðu þá einungis 24 steinbæir af um 150 sem byggðir voru á tímabilinu 1880–1905 og er þeim enn að fækka.⁶ Þar sem um er að ræða sérstakan reykvískan byggingarstíl er ljóst að steinbæir eins og Litlasel hafa mikið varðveislugildi.



Litlasel á mynd frá um 1970.⁷



Bakhlið Jórunnarsels á mynd frá um 1970.⁸

Tvö hús á reitnum, Vesturgata 59 og Vesturgata 65, voru byggð á skeiði svokallaðrar steinsteypuklassíkur sem reis hæst á 3. áratugi 20. aldar, þegar ýmis klassísk einkenni og áhrif voru áberandi í gerð hérlendra steinsteypuhúsa. Þessi hús endurspeгла ekki síður þær áherslur sem þá ríktu í skipulagsmálum bæjarins. Árið 1921 voru samþykkt fyrstu skipulagslögin fyrir Reykjavík og í framhaldinu var lagður fram skipulagsuppráttur sem bæjarstjórn samþykkti árið 1927. Upprátturinn náði til svæðisins innan Hringbrautar (þ.e. núverandi Ánanausta, Hringbrautar, Þorfinnsgötu, Snorrabrautar og Skúlagötu) og var fyrsta heildarskipulagið sem gert var fyrir Reykjavík. Í þessu nýja skipulagi var gert ráð fyrir samfelldum röðum tveggja og þriggja hæða steinhúsa meðfram flestum götum, en slík skipulagsgerð er nefnd blokkbygging eða randbyggð og þekkist m.a. frá Kaupmannahöfn og Berlín.⁹ Húsin tvö, Vesturgata 59 og Vesturgata 65, hafa verið byggð með þetta skipulag í huga og því eru á þeim gluggalausir brunagaflar þar sem gert hefur verið ráð fyrir að áfram yrði byggt við húsaröðina. Húsið Vesturgata 65a var byggt samkvæmt þessum sömu hugmyndum árið 1946 og er áfast við Vesturgötu 65 að austanverðu og með brunagafli að vestanverðu. Skipulagið frá 1927 náði hins vegar aldrei fram að ganga í heild sinni vegna þess að sú byggð sem þegar var til staðar var ekki rifin, eins og gert hafði verið ráð fyrir. Því standa steinsteipt hús víða á stangli innan um eldri hús, eins og hér er tilfellið.¹⁰

⁵ Margrét Hallgrímsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík*, bls. 2 – Andrés Erlingsson: „Í steinsins form er sagan greypt“, bls. 11–12, 32–38, 41–42 og 46–49 – Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 307 – *Skrá yfir friðuðu hús og hús í vörslu safna*, bls. 97.

⁶ Margrét Hallgrímsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík*, bls. 3.

⁷ Ljósm. Sveinn Þórðarson. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, SP 1316.

⁸ Ljósm. Sveinn Þórðarson. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, SP 1315.

⁹ Páll Líndal: *Bæirnir byggjast*, bls. 186–188 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 113, 117–118 – Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur*, bls. 42–43 – Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 122–123 – Nikulás Úlfar Másson: „Ágrip byggðarþróunar í Reykjavík“, bls. 22.

¹⁰ Páll Líndal: *Bæirnir byggjast*, bls. 186–188 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 113, 117–118 – Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur*, bls. 42–43 – Nikulás Úlfar Másson: „Ágrip byggðarþróunar í Reykjavík“, bls. 22.



Reiturinn á loftmynd frá eftirstriðsárunum. Suðaustan Seljavogar má sjá dæmigerða húsaröð byggða í anda skipulagsins frá 1927. Á reitnum sem hér um ræðir er byggðin mun sundurleitari, eins og sjá má.¹¹

Húsið Seljavegur 32 var byggt sem verkstæðis- og skrifstofubýgging og hefur ýmis þau einkenni í húsagerð sem þróuðust í tíð fúnkísstefnunnar svokölluðu. Sú stefna barst til landsins um 1930 og hafði það m.a. að markmiði að útrýma öllu óþarfa skrauti og flúri í hönnun húsa. Form og útlit húsanna skyldi endurspegla hlutverk þeirra eða fúnksjón. Hér á landi þróuðust fljótt íslensk sérkenni í gerð fúnkíshúsa og á 4. og 5. áratugnum byggðust heil hverfi sem einkenndust af látlausum fúnksjónalisma með lágreistum valmaþökum, hornpluggum og hinni séríslensku steiningu á útveggjum.¹² Síðari heimsstyrjöldinni fylgdi félagslegt umrót og aukin velmegun sem setti mark sitt á íslenska húsagerð. Þá var farið að byggja stærri hús með hærri þökum, smárúðum og ýmiss konar skrauti sem ekki var í anda fúnksjónalisms.¹³ Á Seljavegi 32 er gluggagerð og upphafleg kvarsklæðning í anda fúnkísstefnunnar, en þakið er háreistara en vanalegt er á fúnkíshúsum og var raunar lægra á fyrstu teikningum hönnuðarins, Ágústs Pálssonar, en var síðan hækkað á meðan húsið var í byggingu.

Húsin nr. 69–75 við Vesturgötu mynda stóra samstæðu fjölbýlishúsa á norðausturhorni reitsins. Vestasta húsið í samstæðunni, Vesturgata 75, var upphaflega byggt sem verksmiðjuhúsnæði á árunum 1952–1956, en á árunum 1985–1986 var því breytt í fjölbýlishús um leið og húsin nr. 69–73 voru byggð. Um leið var útliti þess breytt til samræmis við útlit og gerð hinna húsanna sem eru dæmigerð fyrir fjölbýlishús frá 9. áratug 20. aldar. Leikskólabyggingin við Seljaveg 12 er samsett úr fjórum færanlegum timbureiningahúsum sem tengd eru saman með miðrymi úr sama efni. Algengt er í dag að leikskólabyggingar, færanlegar kennslustofur og ferðaþjónustuhús séu slík einingahús.

¹¹ Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, VIG 1–2B.

¹² Dennis Jóhannesson og Málfríður Kristjánsdóttir: „Ágrip íslenskrar byggingarsögu“, bls. 13-14 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 123-124.

¹³ Dennis Jóhannesson og Málfríður Kristjánsdóttir: „Ágrip íslenskrar byggingarsögu“, bls. 14.

Breytingar

Húsin á þessum reit hafa gengist undir mismiklar breytingar frá því þau voru byggð. Mest hefur húsunum við Seljaveg 10 og Vesturgötu 61 verið breytt, en gerðar hafa verið viðbyggingar og kvistir á þau bæði. Þá hafa verið gerðar ýmsar smávægilegar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á Seljavegi 10, en þess þó gætt að húsið héldi sinni upphaflegu gerð. Litlasei og Jórunnarsel við Vesturgötu 61 hafa í seinni tíð verið múrhúðuð og samræmd í útliti, og hafa þannig að nokkru leyti tapað sínum upprunalegu sérkennum. Eins og áður segir hafa verið gerðar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu Vesturgötu 75 til samræmis við fjölbýlishúsin þar austan við og einnig var byggð ný rishæð á húsið í kjölfar bruna árið 1985. Rishæð Seljavegs 32 var einnig endurbyggð eftir bruna árið 1948 og þá virðist hafa verið byggð lítil turnbygging með svölum á suðvesturhorn rishæðarinnar. Einnig hefur kvistur á norðurhlíð hússins verið stækkaður. Gerðar hafa verið lítilsháttar útlitsbreytingar á húsinu Vesturgötu 59 og svalir byggðar við bakhlið þess. Sóttvarnarhúsinu við Ánanaust 11 hefur lítið sem ekkert verið breytt frá því að það var byggt árið 1906. Ekki hafa heldur verið gerðar breytingar yngstu húsunum á reitnum, utan þess að leikskólinn að Seljavegi 12 hefur verið stækkaður úr þremur tímureiningahúsum í fjögur.

Höfundar

Jórunnarsel og Litlasei við Vesturgötu 61 hafa að líkindum ekki verið byggð eftir teikningum og því er óvíst um höfunda þeirra, þó að leiða megi að því líkum að húsbyggjendur hafi oft hannað slík hús sjálfir. Höfundar timburhúsanna Seljavegs 10 og Ánanausta 11 eru einnig óþekktir, en það var trésmiður, Guðjón Björnsson, sem byggði Seljaveg 10 og ekki er ólíklegt að hann hafi sjálfur gert uppdrættina að húsi sínu. Vitað er um höfunda allra yngri húsanna. Vesturgötu 59 hannaði Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari, Guðmundur Eiríksson húsasmiður teiknaði Vesturgötu 65, arkitektarnir Kjartan Sigurðsson, Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson hönnuðu Vesturgötu 65a og Ágúst Pálsson arkitekt er höfundur Seljavegs 32. Sigurður Pjetursson arkitekt og Jón Oddsson teiknuðu verksmiðjuhúsið sem nú er nr. 75 við Vesturgötu en Ingimundur Sveinsson arkitekt teiknaði breytingarnar sem gerðar voru á því húsi og fjölbýlishúsasamstæðuna nr. 69–73 við Vesturgötu. Sigurður Kjartansson hjá S.G. húsum hannaði leikskólabyggingarnar við Seljaveg 12.

Saga reitsins

Svæðið sem hér um ræðir var á öldum áður hluti af jörðinni Seli, sem var ein af nágrannajörðum Reykjavíkur. Talið er að þar sem jörðin byggðist hafi Reykjavíkurbændur upphaflega haft beitarhús eða sel og þaðan sé nafnið komið.¹⁴ Árið 1379 var jörðin orðin fullgild jörð eða svonefnt lögbýli og var þá komin í eigu Víkurkirkju. Sel fylgdi síðan kirkjunni í margar aldir og var þar um tíma prestssetur á fyrri hluta 19.

¹⁴ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur – í þúsund ár. 870-1870*. Fyrri hluti, bls. 42 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi, bls. 38–39 – Freyja Jónsdóttir: „Vesturgata 61 (Litlasei og Jórunnarsel)“ – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 120.

aldar.¹⁵ Fram til 1835 tilheyrði jörðin Seltjarnarneshreppi en var þá lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þegar það var fært út að úthaga Eiðis og Lambastaða í vestri.¹⁶ Árið 1862 seldi kirkjan jörðina og fylgdi henni þá hjáleigan Bráðræði og nokkur tómthús á Bráðræðisholti, auk grasbýlisins Litla-Sels.¹⁷ Árið 1888 keypti Reykjavíkurbær Sel og árið 1892 varð jörðin hluti af verslunarlóð bæjarins þegar hún var stækkuð og vesturtakmörk hennar færð út að línu sem dregin var úr Skólabæ í Litla-Sel.¹⁸



Helstu býlin í landi Sels og Ánanausta á korti frá um 1850.¹⁹

Útræði var frá Seli árið um kring og á 19. öld tóku að rísa í landi Sels býli tómthúsanna, en svo kölluðust þeir sem aðalvinnu höfðu af fiskveiðum á opnum bátum. Mesti uppgangstími reykvískra tómthúsanna var á síðari hluta 19. aldar og árið 1870 tilheyrði um fjórðungur fullorðinna karlmannna í Reykjavík tómthúsannastéttinni. Vinnumenn og piltar að tvítugu stunduðu einnig sjóróðra og því má ætla að allt að helmingur vinnufærra karlmannna hafi haft aðalframfæri sitt af sjómennsku á þessum tíma. Tómthús mennirnir í Reykjavík byggðu sér torfbæi og steinbæi í úthverfum bæjarins.²⁰ Þau tómthúsbylí sem byggðust upp í landi Sels drógu mörg nafn af heimajörðinni og breyttist nafn Sels þá í Stórasel. Selsbæirnir voru síðast taldir fimm og voru, auk Stórasels, Miðsel, Litlasel, Jórunnarsel og Ívarssel.²¹ Síðasta bæjarhús Stórasels, steinbær

¹⁵ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi, bls. 61 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi, bls. 39 – Jón Helgason: *Þegar Reykjavík var fjórtán vetra*, bls. 110.

¹⁶ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi, bls. 140 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi, bls. 40.

¹⁷ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Seinna bindi, bls. 64 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi, bls. 40.

¹⁸ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Seinna bindi, bls. 156–157 – Knud Zimsen: *Úr bæ í borg*, bls. 29.

¹⁹ Hluti af korti Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík og nágrenni um 1850. Þjóðskjalasafn Íslands. Hér tekið eftir dagatali útgefnu af Árbæjarsafni 1986.

²⁰ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri hluti, bls. 87 – Helgi Þorláksson: „Lítilmótleg áform um Stórasel“ – Freyja Jónsdóttir: „Vesturgata 61 (Litlasel og Jórunnarsel)“.

²¹ Freyja Jónsdóttir: „Vesturgata 61 (Litlasel og Jórunnarsel)“ – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 120 – Helgi Þorláksson: „Lítilmótleg áform um Stórasel“ – Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi, bls. 26–27 og 237.

sem reistur var 1884, stendur enn á lóðinni Holtsgötu 41b. Miðsel, steinhús reist 1874, er nú horfið en stóð þar sem nú er húsið nr. 19 við Seljaveg. Ívarssel, timburhús byggt 1869, stóð norðan Vesturgötu á lóðinni nr. 66b allt til ársins 2005 þegar það var flutt í Árbæjarsafn. Eins og áður er getið standa Litlasel og Jórunnarsel á lóðinni Vesturgötu 61, á reitunum sem hér um ræðir. Vatnsból voru nokkuð víða á þessum slóðum og í það minnsta þrjú fyrir íbúa Selsbæjanna, eitt við Ívarssel, annað við Miðsel og það þriðja við Stórasel.²²



Svæðið á korti frá 1887. Litlasel er fyrir miðri mynd, þar sem Vesturgata beygir í átt að Litlaselsvör. Miðsel og Miðselsvör eru neðar á myndinni og Stórasel og Stóraselsvör neðst í vinstra horni.²³

Í manntali frá 1835 er getið um ábúendur grashúss sem þá heyrði undir Sel, en ekki er ljóst hvort þar er um að ræða einhverja af Selsbæjunum sem seinna eru tilgreindir í heimildum. Á grasbýlinu bjó Ásmundur Björnsson ásamt konu sinni og dóttur og lifði af sjávarafla. Á heimajörðinni Seli bjó þá Magnús Magnússon, sem einnig lifði af fiskveiðum, ásamt sinni fjölskyldu.²⁴ Býlin Litlasel og Miðsel munu hafa byggst upp í tíð Steingrímss Ólafssonar sem var bóndi á Seli í kringum 1840.²⁵ Litlasels er fyrst getið sem hjáleigu frá Seli í jarðalista bæjarfógeta frá árinu 1844.²⁶ Árið 1848 var sonur Steingrímss, Ólafur, talinn eigandi að þeim hluta Selslands þar sem Litlasel var byggt. Á Litlaseli munu um tíma hafa verið mörg býli og bjó Ólafur Steingrímsson á einu þeirra, á öðru Jakob bróðir hans, á þriðja býlinu bræðurnir Jón og Grímur Guðnasynir og á því fjórða Ívar Jónatansson, en það býli var alltaf kallað Ívarssel til aðgreiningar frá hinum.²⁷ Árið

²² Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi – Lykilbók, bls. 68–69.

²³ Hluti af korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

²⁴ Þjóðskjalasafn Íslands, manntalsgrunnur: <http://www.archives.is/manntol/> (08.12.2006) – Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi, bls. 268.

²⁵ Jón Helgason: *Reykjavík. Þættir og myndir úr sögu bæjarins 1786–1936*, bls. 47 – Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi, bls. 269.

²⁶ J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 121 og 462.

²⁷ Jón Helgason: *Reykjavík. Þættir og myndir úr sögu bæjarins 1786–1936*, bls. 47.

1881 byggði Magnús Pálsson tómthúsmaður timburhús rétt suðvestan við bæinn á Litlaseli sem síðar var kennt við Jórinni Eiríksdóttur ekkju og kallað Jórunnarsel.²⁸ Premur árum síðar reisti Grímur Jakobsson íbúðarhús úr bindingi og múrsteini austan við Litlasel, nálægt því þar sem Vesturgata og Seljavegur mætast nú. Árið 1885 seldi Ólafur Steingrímsson syni sínum, Guðmundi Kristni Ólafssyni skipstjóra, hálfan Litlaselsbæinn og fjórum árum síðar fékk Guðmundur leyfi til að „byggja um bæ sinn á sama stað og með sama lagi og áður“.²⁹ Þá byggði hann steinbæinn sem enn stendur á lóðinni. Árið 1895 seldi Guðmundur eign sína Sigurði Einarssyni útvegsbónda. Tíu árum síðar var Sigurður látinn en ekkja hans, Sigríður Jafetsdóttir, bjó enn í Litlaseli ásamt dætrum þeirra. Litlasel var þá einnig heimili Magnúsar Einarssonar og fjölskyldu hans en í Jórunnarseli bjuggu Jóhann Þorbjörnsson tómthúsmaður, Halldóra kona hans og tveir synir. Árið 1913 seldi Sigríður Jafetsdóttir eign sína Karveli Friðrikssyni sjómanni og árið 1924 voru Litlasel og Jórunnarsel virt saman sem húseign hans. Ári síðar lét ekkja Karvels, Guðbjörg Kristjánsdóttir, stækka og endurbæta Litlasel og var þá innréttuð sérstök íbúð í risinu. Árið 1935 eignuðust Axel R. Magnússen og Margrét Ólafsdóttir húsin að Vesturgötu 61 og bjuggu þar síðan lengi og afkomendur þeirra eftir þau.³⁰



Litlasel og Jórunnarsel. Ekki er vitað hvenær myndin var tekin en það hefur verið eftir að húsin voru múrhúðuð.³¹

Á síðari hluta 19. aldar og fram á 20. öld höfðu íbúar Litlasels og Jórunnarsels flestir framfæri sitt af fiskveiðum, líkt og ábúendur hinna Selsbæjanna. Þeir sem gerðu út árabáta réru frá þremur vörum á þessum slóðum, Litlaselsvör sem var rétt neðan við vesturenda Vesturgötu, Miðselsvör dálítið suðvestar, neðan Miðselstúns, og Stóraselsvör enn suðvestar, þar sem göturnar Hringbraut og Eiðsgrandi mætast nú.³² Frá um 1900,

²⁸ Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 79.


²⁹ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 61 (B-nr.1560).

³⁰ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 61 (B-nr. 1560) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 200 og 327) – Freyja Jónsdóttir: „Vesturgata 61 (Litlasel og Jórunnarsel)“ – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 79.

³¹ Ljósm. óþekktur. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 10.460.

³² Ágúst Jósefsson: *Minningar og svipmyndir úr Reykjavík*, bls. 85 – „Örnefnaskrá. Reykjavík og Seltjarnarnes“ – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi – Lykilbók, bls. 66–67 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar. 1870–1940*. Fyrri hluti, bls. 87.

eftir að árabátaútgerð lagðist að mestu af í Reykjavík, þjónaði Litlaselsvör sem sorphaugur Vesturbæinga. Áður en skipulögð sorphreinsun hófst í Reykjavík árið 1919 urðaði fólk úrgang við hús sín og bæi eða henti sorpinu fram af sjávarkömbum og í fjörur.³³ Árið 1917 var kvartað yfir því í blaðagrein að fólk skildi ruslið eftir uppi á kambinum við Litlaselsvör svo að þar hefði þá safnast álitlegur haugur sem alltaf væri að stækka.³⁴ Sorp var urðað í Litlaselsvör allt fram til um 1940, en þá var farið að nota annan urðunarstað vestar þar sem nú er Eiðsgrandi. Svæðinu hefur í gegnum tíðina verið raskað allmikið með uppfyllingum, vegum, byggingum og grjótvarnargarði.³⁵



Svæðið á korti frá 1902. Selsbæirnir eru merktir nr. 22.³⁶

Árið 1903 var sóttvarnarhúsi fyrir Reykjavík valinn staður neðst í túni Miðsels, niðri við sjó og vestast á svæðinu sem hér um ræðir, en það var þá enn nokkuð utan meginbyggðarinnar í Reykjavík. Lög frá árinu 1902 kváðu á um að byggja skyldi sérstök sóttvarnarhús í kaupstöðum landsins á kostnað landssjóðs og var bygging sóttvarnarhússins í Reykjavík fljótlega hafin. Árið 1905 var húsið ekki fullgert, en smíði þess þó svo langt komin að hægt var að hafa þar sjúklinga í sóttkví. Smíði hússins var svo að mestu lokið haustið 1906 en það var þó fyrst brunavirt árið 1919.³⁷ Litlum sögum fer af starfseminni í húsinu en hennar er fyrst getið í heilbrigðisskýrslum árið 1935. Þá voru þar 25 sjúkrarúm. Árið 1925 voru sóttvarnarhúsin á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði

³³ Kristín Lóa Ólafsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir: „Gamlir urðunarstaðir í Reykjavík“ – „Selsvör“, *Wikipedia* – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Síðari hluti, bls. 30.


³⁴ *Morgunblaðið*, 10. maí 1917, bls. 3.

³⁵ Kristín Lóa Ólafsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir: „Gamlir urðunarstaðir í Reykjavík“ – „Selsvör“, *Wikipedia*.

³⁶ Hluti af korti Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kmh. af Reykjavík 1902. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

³⁷ Vilmundur Jónsson: „Sjúkrahús og sjúkraskýli á Íslandi“, bls. 372–374 – Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Ánanaust 11 (B-nr. 756) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 1424).

aflögð með lögum og þjónaði sóttvarnarhúsið í Reykjavík þá öllu landinu. Árið 1954 var starfsemin einnig lögð niður í Reykjavík og húsið selt Landhelgisgæslunni, sem hefur notað það sem birgðaskemmu. Það gengur enn undir heitinu „Gamla sóttvarnarhúsið við Ánanaust“.³⁸



Svæðið á korti frá um 1920. Litlasel lengst til hægri og Jórunnarsel þar við hliðina, Miðsel neðst fyrir miðju og Sóttvarnarhúsið við sjóinn.³⁹

Á þriðja áratugnum voru húsnaðisvandráði samfara fólksfjölgun eitt höfuðvandamál Reykvíkinga. Til að bregðast við vandanum samþykkti bæjarstjórnin meðal annars að reisa tvö íbúðarhús úr steinsteypu á lóð bæjarsjóðs í Ívarsselstúni við Vesturgötu. Byggingu húsanna var lokið í desember árið 1920 og stóðu þau nokkurn veginn mitt á milli Sóttvarnarhússins og Litlasels og Jórunnarsels, inni á miðjum núverandi reit. Hús þessi voru byggð sem bráðabirgðaíbúðarhúsnaði handa húsnaðislausu fólki og fengu nafnið Selbúðir. Um var að ræða tvær samhliða, lágreistar húsallengjur, með malarporti á milli. Í hvorri lengju voru um tíu íbúðir sem flestar samanstóðu af aðeins einu herbergi og eldhúsi. Þægindi á borð við vatnssalerni og þvottahús voru ekki innanhúss, en í steinsteiptum skúr við vesturenda bygginganna voru átta sameiginleg salerni.⁴⁰ Selbúðir áttu einungis að vera í notkun í skamma hríð en raunin varð önnur. Það var ekki fyrr en árið 1975 sem húsin höfðu verið rýmd og var þá gert ráð fyrir að þau yrðu rifin fyrir nóvember næsta ár. Fyrirtækið Pétur Snæland hf. sem var til húsa að Vesturgötu 71, fyrir neðan Selbúðir, mun hins vegar hafa fengið vestari húsallengjuna til afnota ásamt þeim hluta lóðarinnar, en eystri lengjan mun hafa staðið

³⁸ Vilmundur Jónsson: „Sjúkrahús og sjúkraskýli á Íslandi“, bls. 374 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Síðari hluti, bls. 41 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi, bls. 78 – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 119.

³⁹ Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar af Reykjavík 1915–1920. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

⁴⁰ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu, Selbúðir (B-nr. 1531) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 1581) – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Síðari hluti, bls. 118–124 – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 79 – Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 36.

ónotuð um nokkur misseri.⁴¹ Fyrirtækin Kolsýruhleðslan sf. og Eimur sf. sem einnig störfuðu á svæðinu, á lóðinni Seljavegi 12, hafa svo hugsanlega fengið leyfi til að rífa eystri lengjuna en sú vestari hefur í síðasta lagi verið rifin á árunum 1984–1986 þegar hafnar voru framkvæmdir við byggingu nýrra fjölbýlishúsa við Vesturgötu 69–75.⁴²



Selbúðir á mynd frá árinu 1942.⁴³

Á þriðja áratugnum voru einnig byggð þrjú ný íbúðarhús vestast á reitnum, meðfram Vesturgötu. Eitt þeirra var einlyft timburhús sem Lárus B. Björnsson skipasmiður byggði á árunum 1921–1923 á lóð sem hann keypti af Karveli Friðrikssyni, þáverandi eiganda Litlasels, og fékk númerið Vesturgata 67. Seinna var einnig reist á baklóðinni hesthús með hlöðu og geymsluskúr og stóðu þessi hús til ársins 1990, þegar samþykkt var að rífa þau. Húsin höfðu þá legið undir skemmdum, ónotuð og óupphituð, í um 5 ár og keypti borgarsjóður þau til niðurrifs.⁴⁴ Lóðin stendur nú auð. Á lóðinni þar fyrir ofan, sem einnig var keypt úr Litlaselslóð, byggði Jónas Híerónýmsson verkamaður tvílyft steinhús á árunum 1923–1925.⁴⁵ Það hús var, eins og áður segir, byggt með það í huga að það yrði hluti af samfelldri húsaröð og því voru á því brunagaflar, bæði að vestan- og austanverðu. Á svipuðum tíma, eða á árunum 1924–1925, byggði Eyjólfur Eyjólfsson sjómaður hið reisulega steinhús sem stendur á hornlóðinni Vesturgötu 59, ofan við Litlasel. Timburhús sem byggt hafði verið lítið eitt ofar í lóðinni árið 1884 var þá rífið, enda þurfti það að víkja vegna fyrirhugaðrar lagningar Seljavegar.⁴⁶ Í kjallara Vesturgötu 59 var innréttuð sölubúð og þar rak Gissur Þorsteinsson verslun og síðar Guðlaug Daðadóttir. Þar voru meðal annars seldar

⁴¹ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu, Selbúðir (B-nr. 1531) – Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 36 – Einnig skv. upplýsingum frá Helga Þorlákssyni sagnfræðingi og íbúa að Seljavegi 10 (dags. 01.03.2007).

⁴² Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 69–75 (B-nr. 5847) – Einnig skv. upplýsingum frá Helga Þorlákssyni sagnfræðingi og íbúa að Seljavegi 10 (01.03.2007).


⁴³ Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs. 10.461.

⁴⁴ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 67 (B-nr. 1659) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 1719).

⁴⁵ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 65 (B-nr. 1815) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 2077) – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 79.

⁴⁶ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 59 (B-nr. 1557) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 276) – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 79.

matvörur, tóbak og dúkkur á íslenskum búningi.⁴⁷ Á þessum tíma hefur verið gengið út frá því að gömlu bæirnir Litlasei og Jórunnarsel yrðu rifnir og áframhaldandi húsaröð yrði byggð í staðinn, enda voru nýju steinhúsin hvort sínu megin byggð þétt upp að lóðmörkunum og sneru bæði brunagöflum að eldri húsunum. Eins og áður segir, gerði skipulagsuppdrátturinn frá 1927 ráð fyrir sambyggðum húsum þarna eins og víðast hvar annars staðar innan Hringbrautar. Svæðið vestast á reitnum, næst sjónum, átti hins vegar að verða hluti af fyrirhuguðu athafnasvæði útgerðarinnar í Vesturbænum og skyldi frátekið fyrir fiskhús og vörugeymslur.⁴⁸



Reiturinn á korti frá 1939–1941.⁴⁹

Ekki risu fleiri hús á reitnum fyrr en á árunum um og eftir síðari heimsstyrjöld. Árið 1943 fékkst leyfi til að flytja timburhús sem áður stóð við Mýrargötu 1 á lóðina Seljaveg 10, vestan við Vesturgötu 59 og Litlasei og Jórunnarsel. Hús þetta var byggt af Guðjóni Björnssyni trésmíðameistara árið 1905 og var gjarnan kallað Glæsibær vegna þess hversu snyrtilegt það var og mun í eina tíð einnig hafa verið kallað „hús Dísu í mýrinni“. Á stríðsárunum varð ljóst að húsið myndi standa í vegi fyrir stórbyggingu Slippfélagsins við Mýrargötu. Þorlákur Helgason, verkfræðingur hjá Vita- og hafnarmálastjórn, keypti þá húsið og lét flytja það að Seljavegi með stórvirkum flutningatækjum sem fengin voru frá bandaríska hernum. Þar stendur það enn og er nú í eigu afkomenda Þorláks.⁵⁰ Á árunum 1945–1946 reis í suðvesturhorni reitsins, við Seljaveg 32, þrílyft stórhýsi undir verkstæði, vitagagnabúr og skrifstofur Vitamála-

⁴⁷ *Morgunblaðið*, 24. júlí 1926, bls. 1; 12. nóv. 1939, bls. 4; 9. ágúst 1944, bls. 4; 15. nóv. 1944, bls. 3.

⁴⁸ Páll Línadal: *Bæirnir byggjast*, bls. 186–189.

⁴⁹ Hluti af hitaveitukorti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1939–1941. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

⁵⁰ Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 118 – Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Seljaveg 10 (B-nr. 4127) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 445) – Einnig skv. upplýsingum frá Helga Þorlákssyni sagnfræðingi og íbúa að Seljavegi 10 (01.03.2007).

stjórnar. Frá árinu 1952 voru höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar í þessu húsi en nýlega hefur Samband íslenskra myndlistarmanna tekið það á leigu og opnað þar vinnustofur fyrir listarmenn.⁵¹ Þriðja húsið sem reis á reitnum á 5. áratugnum er húsið nr. 65a við Vesturgötu. Það var byggt árið 1946 af eigendum hússins nr. 65 við hliðina, og er áfast við það hús og því byggt í samræmi við hugmyndina um samfellda húsaröð á þessum stað, eins og áður er nefnt.⁵²



Timburhúsið sem stóð við Vesturgötu 67.⁵³



Seljavegur 10 á mynd frá 1976.⁵⁴

Á fyrri hluta 6. áratugarins var ráðist í ýmsar framkvæmdir til þess að styrkja íslenskan iðnað og bæta samkeppnisstöðu hans og hófst þá nýtt vaxtarskeið iðnaðarins sem stóð út áratuginn.⁵⁵ Á þeim tíma reistu tvö iðnfyrirtæki sér húsnæði á reitnum og mun það hafa verið í samræmi við hugmyndir manna á þeim tíma um skipulag á þessu svæði. Árið 1957 var gerður skipulagsuppdráttur fyrir Reykjavík sem að vísu var aldrei formlega samþykktur en endurspeglar þó ríkjandi skipulagshugmyndir á þessum tíma. Samkvæmt honum átti að byggja upp iðnaðar- og atvinnustarfsemi meðfram allri norðurstönd borgarinnar, m.a. á reitnum sem hér um ræðir.⁵⁶ Fyrirtækið Pétur Snæland hf., sem stofnað var árið 1949 og framleiddi svamp í rúmdýnur, kotta og húsgögn, fékk árið 1952 leyfi til að hefja byggingu verksmiðjuhúss á lóð sinni á horni Vesturgötu og Ánanausta, austan Sóttvarnarhússins. Húsið var byggt og stækkað í áföngum næstu árin og var fullbyggt árið 1956.⁵⁷ Árið 1953 fékk Kolsýruhleðslan sf., innlent fyrirtæki sem sérhæfði sig í hleðslu kolsýrutækja, einnig leyfi til að hefja byggingu verksmiðjuhúss á lóð sem því var úthlutað við Seljaveg 12. Ætlunin var að byggja þrílyft hús en í fyrstu fékkst einungis fjárfestingarleyfi fyrir kjallara og einni hæð. Íbúar við Seljaveg og nágrenni mótmæltu byggingu verksmiðju á þessum stað en svo fór þó að húsið var reist og verkmiðjan starfaði þar í rúm þrjátíu ár. Árið 1972 hafði annað fyrirtæki hafið starfsemi á lóðinni auk Kolsýruhleðslunnar, en það var efnaverkmiðjan Eimur sf., sem mun hafa verið stofnuð 1966 og framleiddi kolsýru, kalk og skyld efni. Árið 1978 sótti

⁵¹ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Seljaveg 32 (B-nr. 4062) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 (Br.nr. 4800) – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 118–119 – *Morgunblaðið*, 11. maí 1972, bls. 6–7 og 15. ágúst 2006.

⁵² Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 65 (B-nr. 1815) – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 79.

⁵³ Ljósm. Sveinn Þórðarson. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, SP 1318.


⁵⁴ Ljósm. Sveinn Þórðarson. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, SP 1001.

⁵⁵ Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 197.

⁵⁶ Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 139–141.

⁵⁷ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 69–75 (B-nr. 5847).

Eimur sf. um leyfi til að reisa nýja geyma á lóðinni og af því tilefni mótmæltu íbúar í nágrenninu, enda töldu þeir starfsemi efnaverksmiðju ekki eiga heima inni í íbúðabyggð.⁵⁸



Reiturinn á korti frá 1965.⁵⁹

Árið 1984 var samþykkt breyting á deiliskipulagi reitsins og var notkun svæðisins þá breytt úr iðnaðarsvæði í íbúðasvæði. Þá var loks ákveðið að fyrirtækin Eimur sf. og Kolsýruhleðslan sf. skyldu flytja starfsemi sína burt af reitnum. Borgin keypti húseign fyrirtækjanna við Seljaveg og gerði þeim að rýma lóðina fyrir árslok 1986. Ætlunin var að byggja í staðinn dagheimili á lóðinni.⁶⁰ Um svipað leyti hætti fyrirtækið Pétur Snæland

hf. starfsemi í húsnaði sínu á horni Ánanausta og Vesturgötu. Sama ár var samþykkt leyfi til að breyta því húsi í íbúðarhús og byggja jafnframt nýtt fjölbýlishús austur af því, á sömu lóð. Þeim framkvæmdum var lokið árið 1987.⁶¹ Það ár var samþykkt leyfi til að rífa hús Kolsýruhleðslunnar og Eims, en það var þá í mjög lélegu ástandi. Þessi niðurrifsheimild var ekki nýtt vegna þess að um tíma kom til álita að nýta húsið, en horfið var frá þeim áformum og aftur sótt um leyfi til að rífa húsið, sem samþykkt var í ágúst 1988.⁶² Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur sem staðfest var árið 1988 var norðausturhluti reitsins, þ.m.t. lóðin Seljavegur 12, skilgreindur sem íbúðasvæði en suðvesturhlutinn sem stofnanasvæði, en þar hafði Landhelgisgæslan enn aðsetur sitt. Miðhlutinn, þar sem Selbúðir höfðu staðið, átti að vera útivistarsvæði samkvæmt skipulaginu.⁶³ Á því svæði voru loks árið 1998 reist þrjú færanleg timburhús fyrir leikskólann Dvergastein, ásamt viðbyggingu sem gerð var árið 2001, og eru það yngstu byggingarnar á reitnum.

⁵⁸ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Seljaveg 12 (B-nr. 6149) – *Morgunblaðið*, 17. maí 1953.

⁵⁹ Hluti af staðgreinikorti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1965. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

⁶⁰ *Morgunblaðið*, 25. janúar og 3. febrúar 1984.

⁶¹ Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Vesturgötu 69–75 (B-nr. 5847).

⁶² Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Seljaveg 12 (B-nr. 6149).

⁶³ *Aðalskipulag Reykjavíkur 1984–2004*, bls. 27.

Nafngiftir gatnanna

Fram á fyrstu áratugi 20. aldar tíðkaðist að ný götunöfn í Reykjavík væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla.⁶⁴ Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sínar að rekja til þess siðs.

Ánanaust

Gatan liggur meðfram sjónum milli Mýrargötu og Hringbrautar og er vestasti hluti hringbrautarinnar sem eitt sinni var ætlunin að umlyki Reykjavík. Núverandi nafn götunnar var ákveðið árið 1948. Ánanaust munu upphaflega hafa verið naust frá Vík en nafnið kemur fyrst fram sem nafn á hjáleigu frá Hlíðarhúsum. Bæjarhúsin að Ánanaustum stóðu nálægt Grandanum, vestast við Mýrargötu. Síðasti bærinn að Ánanaustum var rifinn árið 1940 vegna framlengingar Mýrargötu.⁶⁵

Holtsgata

Holtsgata byrjaði sennilega að myndast sem gata á síðari hluta 19. aldar, en hún er fyrst nefnd í manntali árið 1902 og merkt inná kort árið 1903. Gatan er kennd við Bráðræðisholt en eldra nafn á þessum slóðum er Selsholt. Gatan var lengi á jaðri meginbyggðarinnar í Reykjavík og í upphafi reis við hana dreifð byggð torfbæja, steinbæja og annarra lítilla húsa sem að jafnaði voru kennd við eigendur sína.⁶⁶

Seljavegur

Seljavegur er kenndur við Selsbæina, Sel, Miðsel, Litlasel, Jórunnarsel og Ívarssel. Gatan er fyrst tilfærð í manntali árið 1929.⁶⁷

Vesturgata

Lagning Vesturgötu hófst árið 1840 og er hún ein fyrsta gatan sem lögð var út úr bænum. Hún var upphaflega kölluð Læknisgata því hún náði upp að bústað landlæknis (þar sem nú er Ránargata 13). Um 1860 var ákveðið að framlengja götuna að Hlíðarhúsum og var sá hluti nefndur Hlíðarhúsastígur. Byggð var þá farin að aukast á þessu svæði og árið 1866 var ákveðið að framlengja götuna beint vestur að sjó. Gatan átti þá að verða aðalgatan út á Seltjarnarnes. Árið 1869 var Ívarssel reist við norðvesturenda götunnar og var lengst af vestasta húsið við götuna. Árið 1888 var lögfest á götuna nafnið Vesturgata eftir höfuðátt frá Aðalstræti. Um aldamótin 1900 má segja að byggð hafi verið risin beggja vegna götunnar langleiðina að Ánanaustum.⁶⁸

⁶⁴ Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 279.

⁶⁵ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 66.

⁶⁶ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 52 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 273.

⁶⁷ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 41 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 276.

⁶⁸ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 142–143 – Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 278–279.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi og upprunalega gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Til umfjöllunar eru staðgreinireitur **1.133.1** í Reykjavík sem afmarkast af Seljavegi, Holtsgötu, Ánanaustum og Vesturgötu.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR

Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireit:

APPELSÍNUGULUR FLOKKUR: Hús byggð fyrir 1918.

Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein, um allar breytingar á núverandi ástandi.


Ánanaust 11: Einfalt bárujárnshús með sveitseráhrifum, byggt árið 1906 sem sóttvarnarhús fyrir Reykjavík og þjónaði sem slíkt fyrir allt landið frá 1925 til 1954. Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Húsið hefur talsvert varðveislugildi vegna sögu sinnar sem sóttvarnarhúss í útjaðri bæjarins.

Seljavegur 10: Einfalt bárujárnshús, byggt árið 1906 við Mýrargötu en flutt að Seljavegi árið 1944.

RAUÐUR FLOKKUR: Hús sem huga ber að friðun á.

Vesturgata 61, Jórunnarsel og Litlasel: Tvö sambyggð hús, einfalt timburhús byggt 1881 og steinbær byggður 1889. Húsin hafa mikið varðveislugildi sem og aðrir Selsbæjanna, enda standa þau sem mikilvægur vitnisburður um lífsskilyrði tómhúsmannastéttarinnar í Reykjavík á 19. öld. Varðveislugildi Litlasels er einnig mikið vegna sérstöðu steinbæja í byggingarsögu Reykjavíkur. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsunum háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001. **Lagt er til að þessi hús verði friðuð.**

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR



Fyrsti eigandi Landssjóður

Hönnun Höfundur ókunnur

Upphafleg notkun
Sóttvarnarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Pakgerð	Mænisþak
Pakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir
Útskot

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Í lögum frá 1902 var kveðið á um að byggja skyldi sérstök sóttvarnarhús í kaupstöðum landsins á kostnað landssjóðs. Strax árið 1903 var sóttvarnarhúsi fyrir Reykjavík valinn staður vestan bæjarins, neðst í túni Miðsels niðri við sjó. Árið 1905 var húsið ekki fullgert, en smíði þess þó svo langt komin að hægt var að hafa þar sjúklinga í sóttkví. Smíði hússins var svo að mestu lokið haustið 1906, en það var þó ekki fyrr en árið 1919 sem það var brunavirt. Í virðingunni kemur fram að húsið er einlyft, með kjallara, risi og kvisti, byggt af bindingi og klætt að utan með járn á þaki og veggjum. Við hvorn gafl hússins er áfastur skúr sem innangengt er um, hvor um sig byggður eins og húsið. Tveir reykháfar voru upphaflega á húsinu. Húsið var óbreytt við næstu virðingar árin 1925 og 1942. Eftir 1925 þjónaði Sóttvarnarhúsið í Reykjavík öllu landinu og var rekið sem slíkt til ársins 1954, þegar það var aflagt með lögum og húsið selt Landhelgisgæslunni, sem notað hefur það sem birgðaskemmu. Húsið hefur gengið undir heitinu „Gamla sóttvarnarhúsið við Ánanaust“. Árið 1982 var samþykkt að lóðin yrði tölusett nr. 11 við Ánanaust. Húsinu virðist lítið sem ekkert hafa verið breytt frá því að það var byggt og það er því enn mjög upprunalegt.

Varðveislumat:**Listrænt gildi:** Einfalt bárujárnshús með sveitseráhrifum.**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu heilbrigðismála á Íslandi.**Umhverfisgildi:** Ekki mikið.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** Vegna aldurs nýtur húsið verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Húsið hefur talsvert varðveislugildi vegna sögu sinnar sem sóttvarnarhúss í útjaðri bæjarins.

Fyrsti eigandi Guðjón Björnsson
trésmiður

Hönnun Höfundur ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Pakgerð Mænisþak
Pakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Inng.skúr

Helstu breytingar

1918 Port
Kvistur
Íbúð í risi
1935 Íbúð í kjallara
Baðherb. í risi
1944 Flutningur
Nýr kjallari
Útitröppur?
1995 Viðbygging
2006 Kvistur stækkaður

Hönnuðir breytinga

Eiríkur Einarsson arkitekt
Hjörleifur Stefánsson arkitekt
Magnús Jónsson bygg.tæ

Saga

Húsið var reist við Mýrargötu 1 árið 1905, en var flutt að Seljavegi 10 árið 1944. Þetta er timburhús með járnklæðningu og járn á þaki. Kjallari er undir öllu húsinu og við suðurhlíð þess var upphaflega inngönguskúr með kjallara. Íbúð var frá upphafi á aðal hæðinni en risið var í fyrstu óinnréttað. Árið 1918 var búið að auka við húseignina og endurbæta hana. Þá er húsið sagt vera með porti og kvisti og er þar líklega átt við stóran kvist á norðausturhlíð hússins. Þá var einnig búið að innrétta íbúð í risinu. Árið 1935 var aftir búið að endurbæta húsið og m.a. innrétta tveggja herbergja íbúð í kjallaranum og baðherbergi í risinu. Vera má að þá hafi verið byggður minni kvistur á suðvesturhlíð. Árið 1943 fékkst leyfi til að flytja húsið á lóðina við Seljaveg 10. Um leið var leyft að gera á því útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Í febrúar 1944 var búið að flytja húsið og setja það á nýjan kjallara og snéri það þá gafla að götu. Inngönguskúr hefur verið tekinn burt, en ekki er ljóst hvort það var gert við flutninginn eða síðar. Við suðausturgafli voru settar útitröppur. Einnig hafa verið gerðar tröppur og inngangur að kjallara á norðausturhlíð. Í kjallaranum var ekki lengur séríbúð, en tvö íbúðarherbergi o.fl. sem nú hefur verið breytt í eitt herbergi. Í maí 1945 fékkst leyfi til að gera girðingu úr steini við húsið og byggja bílskúr á lóðinni, en hann hefur ekki verið reistur. Húsinu virðist ekki hafa verið breytt aftur fyrr en árið 1995, en þá var byggð einlyft viðbygging með kjallara við norðvesturgafli. Viðbyggingin er úr timbri, með járnklæddum veggjum og þaki. Við suðvesturhlíð hennar eru svalir úr timbri. Í júní 2006 fékkst einnig leyfi til að stækka og hækka kvist á suðvesturhlíð hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt bárújárnshús.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Ekki mikið.

Upprunaleg gerð: Nokkuð breytt, en hefur þó haldið upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Vegna aldurs nýtur húsið verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Fyrsti eigandi

Hönnun Sigurður Kjartansson
bygg.fr., S.G. húsumUpphafleg notkun
Skólahús**Upphafleg gerð**

Tegund Timbur
Klæðning Timbur
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1998 Geymsla á lóð
 2001 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Sigurður Kjartansson bygg.fr.
 Albína Thordarson arkitekt

Saga

Fremst á lóðinni voru áður verksmiðjuhús, tankar og turnar í eigu Kolsýruhleðslunnar sf. og efnaverksmiðjunnar Eims sf. en þau mannvirki voru rifin árið 1988. Norðar á lóðinni stóðu Selbúðir, tvær raðir lágreistra húsa með porti á milli, sem byggð voru fyrir húsnæðislaust fólk árið 1920. Þau hús voru rifin, líklega í lok 8. áratugar 20. aldar. Í apríl 1998 var samþykkt leyfi til að reisa á lóðinni færanleg timburhús fyrir tveggja deilda leikskóla á vegum Reykjavíkurborgar. Byggð voru þrjú sjálfstæð hús úr timbureiningum sem tengjast saman með anddyri. Að utan eru húsin klædd með timburklæðningu og með bárújarni á þaki. Í október sama ár var einnig leyfður geymsluskúr úr timbri á lóðinni. Árið 2001 fékkst leyfi til að stækka leikskólann, þ.e. gera viðbyggingu fyrir eina deild í viðbót ásamt tengirympi. Viðbyggingin stendur suðaustanvið hin húsin og er samskonar færanlegt timbureiningahús, með timburklæðningu og bárújarni á þaki. Miðrympi á milli húsanna var stækkað og húsin þannig tengd saman. Um leið var geymsluskúr fyrir leiktæki færður til á lóðinni.

Varðveislumat:**Listránt gildi:** Færanleg timbureiningahús.**Menningsögulegt gildi:** Leikskóli frá lokum 20. aldar.**Umhverfisgildi:** Ekki mikið.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi Vitamálastjórn

Hönnun Ágúst Pálsson
arkitekt

Upphafleg notkun

Verkstaðis, áhald- og skrifstofuhús

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Kvarts
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Þrílyft
Ris

Helstu breytingar

1948	Bruni
1949	Endurbygging og breyting á þaki og rishæð
1948	Ketilhús
1981	Kvistur, stækkun Fyrirkomul.breyt.
1981	Dreifistöð

Hönnuðir breytinga

Ágúst Pálsson	arkitekt
Sigurður Gíslason og Birgir Breiðdal f.h. Húsameist. ríkisins, Garðars Halldórssonar Guðm. Kr. Kristinsson	arkitekt

Saga

Lóðin var afhent Vitamálastjóranum í Reykjavík árið 1942 til þess að flytja mætti þangað vitagagnabúr sem þá var við Klapparstíg. Í maí 1945 fékk embættið leyfi til að byggja þriggja hæða skrifstofu- og áhaldahús úr steinsteypu á lóðinni. Í október 1946 var húsið fullbyggt. Það er byggt úr steinsteypu, með járnklæddu þaki og húðað að utan með kvarsí. Það er tvær álmur, vesturálma við Seljaveg og norðurálma við Holtsgötu. Á neðstu hæð var upphaflega bifreiðaviðgerðarsalur og vélaverkstaði, á 2. hæð vitagagnaverksmiðja o.fl og á efstu hæð skrifstofur o.fl. Í mars 1948 var ætlunin að gera stóra viðbyggingu við húsið til norðausturs meðfram Seljavegi, en þessi bygging var aldrei reist. Í lok maí 1948 eyðilagðist hluti af þaki á vesturálmum hússins í eldsvoða og í júlí það ár fékkst leyfi til að endurbyggja og breyta þakhæð hússins. Þá virðist skv. teikningum hafa verið byggð lítil turnbygging með svölum á suðvesturhorn rishæðarinnar. Í desember 1948 fékkst leyfi til að byggja ketilhús úr steinsteypu við norðvesturgafli hússins og stendur það enn. Í apríl 1949 var búið var að innrétta á þakhæðinni 14 geymsluherbergi. Frá árinu 1952 voru höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar í húsinu. Húsinu var ekki breytt aftur fyrr en árið 1981 en þá fékkst leyfi til að gera framhald af kvisti á vesturhlíð þakhæðarinnar og breyta innréttingum á hæðinni. Sama ár fékk Rafmagnsveita Reykjavíkur leyfi til að setja upp bráðabirgðadreifistöð á lóðinni. Nýlega [2006] hefur Samband íslenskra myndlistarmanna tekið húsið á leigu og opnað þar vinnustofur fyrir 55 listarmenn auk gístaðstöðu fyrir gestalistamenn.

Varðveislumat:**Listránt gildi:** Verkstaðis- og skrifstofubygging í fúnkisstíl.**Menningsögulegt gildi:** Aðsetur opinberra stofnana um langt skeið.**Umhverfisgildi:** Ekki mikið.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi Eyjólfur Eyjólfsson
sjómaður**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistari**Upphafleg notkun**
Íbúðar- og verslunarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypur
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
 Ris
 Kjallari
 Inng.skúr
 Kvistir

Helstu breytingar

? Útlitsbreyting
 2003 Svalir

Hönnuðir breytinga

Ágúst Þórðarson bygg.fr.

Saga

Leyft var að byggja steinhús á lóðinni í júní 1924. Um leið var ákveðið að rífa skyldi íbúðarhús úr bindingi og múrsteini sem fyrir var á lóðinni, en það var byggt árið 1885. Húsið var fyrst virt í október 1924 og var þá ófullgert. Þetta er einlyft steinsteypuhús með kjallara, risi og járnþaki. Ekki var búið að innrétta aðalhæð og ris þegar húsið var virt en í kjallara var búið að innrétta sölubúð með borðum og skápum, eitt íbúðarherbergi og eldhús. Gissur Þorsteinsson rak þar verslun og síðar Guðlaug Daðadóttir. Samkvæmt teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar var upphaflega inngangur að kjallaranum frá Vesturgötu. Steinsteypur inngönguskúr með kjallara hefur frá upphafi verið við suðurhlíð hússins. Hann var enn ófullgerður í október 1924. Í mars 1925 var húsið virt að nýju og var þá fullgert. Á norðurhlíð þaksins var þá kominn stór kvistur og gluggakvistur, en tveir gluggakvistir á suðurhlíð. Við austurgötu var kominn annar steinsteypur inngönguskúr með kjallara. Á honum voru upphaflega útidyr og steintröppur Vesturgötumegin en múrað hefur verið upp í dyrnar og þar er nú einungis gluggi. Húsinu virðist ekki hafa verið breytt að öðru leyti fyrir en árið 2003, en þá fékkst leyfi til að endurbyggja svalir á suðurhlíð 1. hæðar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Steinsteypuklassík með nýbarokkáhreifum.

Menningsögulegt gildi: Byggt skv. hugmyndum um randbyggð frá 3. áratugi 20. aldar og sem hornhús með verslun í

Umhverfisgildi: Hefur gildi sem hornhús.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi Magnús Pálsson
Guðmundur Ólafsson

Hönnun Höfundur ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur / Steinbær
Klæðning Timbur
Þakgerð Mænispak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1882 Inngönguskúr (Jór.)
1889 Nýbygging (Lit.)
1918 Ný klæðning (Jór.)
1924 Geymsluskúr (Lit.)
Ný klæðning (Lit.)
1925 Viðbygging (Lit.)
Kvistur x 2 (Lit.)
Inngönguskúr (Lit.)
Íbúð í risi (Lit.)
1936 Gluggabreyting
? Múrhúðun o.fl.

Hönnuðir breytinga

Jón Magnússon tæknifr.

Saga

Hér er um tvö samföst hús að ræða, Litlasel og Jórunnarsel. Jórunnarsel, sem stendur innar á lóðinni, er hið eldra af húsunum, byggt af Magnúsi Pálssyni tómthúsmanni árið 1881. Það er einlyft íbúðarhús úr timburbindingi múruðum með múrsteini að 2/3 hlutum. Það var fyrst virt í október 1881 og var þá óinnréttað og klætt með járn á þaki en ekki veggjum. Í desember 1882 var búið að fullgera húsið og byggja við það inngönguskúr. Hitt húsið, Litlasel, er steinbær byggður 1889 af Guðmundi Kristni Ólafssyni skipstjóra, í staðinn fyrir eldri bæ sem áður stóð á sama stað. Hliðarveggir hússins eru úr hlöðnum og steinlímduðum grásteini. Upphaflega var þetta minna hús en nú og báðir gaflar úr timburbindingi. Í febrúar 1895 var búið að endurbæta húsið með því að þilja eitt herbergi uppi á loftinu. Árið 1918 var búið að klæða vegg Jórunnarsels með járn en inngönguskúrinn var enn ójárnvarinn. Árið 1924 var búið að klæða austurgafli Litlasels með járn og byggja geymsluskúr við suðurhlíðina. Í nóvember 1925 var búið að lengja Litlasel um u.þ.b. einn metra upp að eldvarnargafli hússins nr. 59 við sömu götu. Einnig höfðu verið settir tveir stórir kvistir á húsið, einn á hvora hlið, og það endurbætt mikið að viðum og frágangi. Ennfremur var búið að innrétta íbúð í risinu og byggja inn- og uppgönguskúr við suðurhlíð hússins, úr bindingi og járnklæddan. Árið 1936 fékkst leyfi til að breyta glugga á bakhlíð viðbyggingarinnar. Síðan hefur fleiri gluggum verið breytt, inngönguskúrinn á Litlaseli verið stækkaður upp að Jórunnarseli, bæði húsin verið múrhúðuð og skorsteinn fjarlægður, en ekki er ljóst hvenær þetta var gert.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Einfalt timburhús og steinbær. Steinbærinn er sérreikvísk húsagerð.

Menningsögulegt gildi: Hefur mikið gildi sem vitnisburður um húsakost tómthúsanna í Rvk. á 19. öld.

Umhverfisgildi: Hluti af 19. aldar byggð við Vesturgötu.

Upprunaleg gerð: Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Varðveislugildi hússins er mikið vegna menningarsögulegs gildis og sérstöðu steinbæja í byggingarsögu Reykjavíkur. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er það í rauðum flokki, þ.e. hús sem huga ber að friðun á. Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir friðun hússins.**

Fyrsti eigandi Jónas Híerónýmsson

Hönnun Guðmundur Eiríksson
húsassmiður**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Pakgerð Mænisþak
Pakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Inng.skúr

Helstu breytingar

1983 Fyrirkomul.breyt.
2. h.

Hönnuðir breytinga**Saga**

Leyfi fékkst til að byggja húsið árið 1923, á lóð sem keypt var úr Litlaselslóð sama ár, en það var ekki virt fyrr en í september 1925. Um er að ræða tvílyft steinsteypuhús með járnpaki og inngönguskúr við suðurhlíð. Á lóðinni er skúr sem ekki finnst leyfi fyrir og því er ekki ljóst hvenær hann var byggður. Árið 1946 sóttu eigendur hússins um leyfi til að gera við það viðbyggingu og byggðu þá þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu vestan við og áfast við þetta hús (Vesturgötu 65a). Til eru teikningar sem sýna innra fyrirkomulag hússins árið 1983 og virðast þá hafa verið gerðar breytingar á efri hæðinni. Að öðru leyti virðist húsið óbreytt að mestu frá því að það var byggt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Steinsteypuklassík.

Menningsögulegt gildi: Byggt skv. hugmyndum um randbyggð frá 3. áratugi 20. aldar.

Umhverfisgildi: Ekki mikið.

Upprunaleg gerð: Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi Brandur Bjarnason og
Jónas Híerónýmusson

Hönnun Gísli Halldórsson o.fl.

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1946 sóttu eigendur hússins Vesturgötu 65 um leyfi til að gera viðbyggingu við það hús og fengu þá leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Arkitektarnir Kjartan Sigurðsson, Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson teiknuðu húsið. Í september 1946 fékkst leyfi til að lyfta bakhlið hússins, sem þá var í smíðum. Húsinu virðist ekki hafa verið breytt frá því að það var byggt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Steinsteypuklassísk.

Menningsögulegt gildi: Byggt skv. hugmyndum um randbyggð frá 3. áratugi 20. aldar.

Umhverfisgildi: Ekki mikið.

Upprunaleg gerð: Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi

Hönnun Ingimundur Sveinsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Pakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújám
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Árið 1984 fékkst leyfi til að byggja fjölbýlishús úr steinsteypu á lóðinni sem þá var nr. 71 við Vesturgötu. Um leið var samþykkt að breyta iðnaðarhúsi fyrirtækisins Pétur Snæland hf. vestast á lóðinni í íbúðarhús. Ingimundur Sveinsson arkitekt teiknaði nýbygginguna ásamt breytingunum á iðnaðarhúsinu. Árið 1985 var samþykkt að breyta tölusetningu lóðarinnar nr. 71 í nr. 69-75 við Vesturgötu. Jafnframt fékk þá hvert hinna fjögurra stigahúsa í fjölbýlishúsinu sitt númer. Sama ár var mörkum lóðarinnar breytt og skikar úr nálægum lóðum og götustæðum Ánanausta og Vesturgötu teknir undir hana. Byggingu húsanna nr. 69 og 71 var lokið árið 1987 (sbr. Landskrá fasteigna).

Varðveislumat:

Listránt gildi: Fjölbýlishús í anda húsagerðar 9. áratugarins.

Meningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Ekki mikið.

Upprunaleg gerð: Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi

Hönnun Ingimundur Sveinsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
 Ris
 Kjallari

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Árið 1984 fékkst leyfi til að byggja fjölbýlishús úr steinsteypu á lóðinni sem þá var nr. 71 við Vesturgötu. Um leið var samþykkt að breyta iðnaðarhúsi fyrirtækisins Pétur Snæland hf. vestast á lóðinni í íbúðarhús. Ingimundur Sveinsson arkitekt teiknaði nýbygginguna ásamt breytingunum á iðnaðarhúsinu. Árið 1985 var samþykkt að breyta tölusetningu lóðarinnar nr. 71 í nr. 69-75 við Vesturgötu. Jafnframt fékk þá hvert hinna fjögurra stigahúsa í fjölbýlishúsinu sitt númer. Sama ár var mörkum lóðarinnar breytt og skikar úr nálægum lóðum og götustæðum Ánanausta og Vesturgötu teknir undir hana. Byggingu húsanna nr. 69 og 71 var lokið árið 1987 (sbr. Landskrá fasteigna).

Varðveislumat:

Listránt gildi: Fjölbýlishús í anda húsagerðar 9. áratugarins.

Meningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Ekki mikið.

Upprunaleg gerð: Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi**Hönnun** Ingimundur Sveinsson
arkitekt**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Pakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Þrílyft
 Ris
 Kjallari

Helstu breytingar

1989 Breytt í íbúð, 1. h.

Hönnuðir breytinga**Saga**

Árið 1984 fékkst leyfi til að byggja fjölbýlishús úr steinsteypu á lóðinni sem þá var nr. 71 við Vesturgötu. Um leið var samþykkt að breyta iðnaðarhúsi fyrirtækisins Pétur Snæland hf. vestast á lóðinni í íbúðarhús. Ingimundur Sveinsson arkitekt teiknaði nýbygginguna ásamt breytingunum á iðnaðarhúsinu. Árið 1985 var samþykkt að breyta tölusetningu lóðarinnar nr. 71 í nr. 69-75 við Vesturgötu. Jafnframt fékk þá hvert hinna fjögurra stigahúsa í fjölbýlishúsinu sitt númer. Sama ár var mörkum lóðarinnar breytt og skikar úr nálægum lóðum og götustæðum Ánanausta og Vesturgötu teknir undir hana. Byggingu hússins nr. 73 var lokið árið 1986 (sbr. Landskrá fasteigna). Árið 1989 fékkst leyfi til að breyta nýtingu húsnæðis á 1. hæð í húsunum nr. 73 og 75 úr áður samþykktu verslunar- og verkstæðisrými í tvær íbúðir, eina í húsinu nr. 73 og aðra í húsinu nr. 75.

Varðveislumat:**Listránt gildi:** Fjölbýlishús í anda húsagerðar 9. áratugarins.**Meningarsögulegt gildi:****Umhverfisgildi:** Ekki mikið.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi Pétur Snæland hf.

Hönnun Sigurður Pjetursson
og Jón OddssonUpphafleg notkun
Verksmiðja**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Þrílyft
Ris

Helstu breytingar

1954 Viðbygging
Hækkun
1956 Hækkun
1956 Hækkun
1985 Bruni
1985 Breytt í íbúðarhúsn.
Ný rishæð
1989 Breytt í íbúð, 1. h.
2003 Sp. áður gerðar
fyrirkomul. breyt.

Hönnuðir breytinga

Sigurður Pjetursson arkitekt
og Á. Jóhansson
Sigurður Pjetursson arkitekt
og Jón S. Richardsson
Ingimundur Sveinsson arkitekt
Ingimundur Sveinsson arkitekt

Saga

Þetta hús er nú hluti af fjölbýlishúsi á lóðinni nr. 69-75 við Vesturgötu en var upphaflega byggt sem verksmiðjuhúsnæði á árunum 1952-56. Húsið var byggt í áföngum fyrir fyrirtækið Pétur Snæland hf. á lóð fyrirtækisins sem þá var tölusett nr. 71 við Vesturgötu. Árið 1952 var fyrsta hæðin reist og tveimur árum seinna var húsið stækkað til norðurs í átt að Vesturgötu og hækkað um eina og hálfra hæð, skv. teikningum. Árið 1956 var sótt um leyfi til að fullgera 3. hæð hússins og var hún þá gerð að heilli hæð. Síðar sama ár fékkst aftur leyfi til að hækka húsið og hefur þá verið byggt á það ris. Árið 1977 var ætlunin að stækka húsið með þrílyftri hornbyggingu og nýrri álmu við Vesturgötu, en ekki varð af því. Árið 1984 flutti fyrirtækið starfsemi sína úr húsinu og sama ár var samþykkt leyfi til að breyta því í íbúðarhús og byggja nýtt fjölbýlishús á lóðinni. Á 1. hæð var þó áfram gert ráð fyrir verkstæði ásamt verslun. Ingimundur Sveinsson arkitekt teiknaði nýbygginguna ásamt breytingunum á iðnaðarhúsinu. Á meðan á framkvæmdum stóð, eða í janúar 1985, eyðilagðist þak hússins í eldsvoða og var þá byggð á það ný rishæð. Árið 1985 var samþykkt að breyta tölusetningu lóðarinnar í nr. 69-75 við Vesturgötu og fékk þá hvert hinna fjögurra stigahúsa í fjölbýlishúsinu sitt númer. Framkvæmdum við húsin nr. 75 og 73 var lokið árið 1986 (sbr. Landskrá fasteigna). Árið 1989 fékkst leyfi til að breyta verslunar- og verkstæðisrýminu á 1. hæð í húsunum nr. 73 og 75 í tvær íbúðir. Árið 2003 voru samþykktar áður gerðar breytingar á innra fyrirkomulagi 1., 2. og 3. hæðar hússins nr. 75. Breytingarnar fólust í minnkun á sameign í stigahúsi og stækkun íbúða.

Varðveislumat:

Listránt gildi: Verksmiðjuhús sem breytt hefur verið til samræmis við fjölbýlishús frá 9. áratugnum.

Meningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Ekki mikið.

Upprunaleg gerð: Nokkuð breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn (MsR – Ábs.):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895.
Aðf. 734–748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.
Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Ánanaust 11, Seljaveg 10–32 og Vesturgötu 59–75.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf. Rvk.):

Dagbækur.
Innlagðar teikningar.

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Reykjavíkur 1984–2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1988.

Andrés Erlingsson: „Í steinsins form er sagan greypt. Steinbærir og hlaðin steinhús í Reykjavík 1850–1912“. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík 1997.

Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. *Reykjavík fyrri tíma. Sögukaflar*. Annað bindi. Reykjavík 1985, bls. 270–281.

Ágúst Jósefsson: *Minningar og svipmyndir úr Reykjavík*. Reykjavík 1959.

Byggingarreglugerðir og lög 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Dennis Jóhannesson og Málfríður Kristjánsdóttir: „Ágrip íslenskrar byggingarsögu“, *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000, bls. 8–15.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940–1990*. Fyrri hluti. Reykjavík 1998.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940–1970*. Reykjavík 2000.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi – Lykilbók. Reykjavík 1989.

Freyja Jónsdóttir: „Vesturgata 61 (Litlasei og Jórunnarsel)“. *Dagur-Tíminn* 1996–1997.

Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík. 6 gönguleiðir um gamla Vesturbæinn. Saga, mannlíf, menning, byggingarlist, gróður og garðar*. Reykjavík 1996.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 1991 og 1994.

Helgi Þorláksson: „Lítilmóttleg áform um Stórasel“, *Morgunblaðið* 11. desember 1993, bls. 46, sjá mbl.is/mm/gagnasafn/ (15.08.2006).

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík 1998.

Jón Helgason: *Reykjavík. Þættir og myndir úr sögu bæjarins 1786-1936*. Reykjavík 1937.

Jón Helgason: *Þegar Reykjavík var fjórtán vetra. Brot úr sögu Reykjavíkur*. Ritroð: Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju V, nr. 2. Reykjavík 1916.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1945, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri og seinna bindi. Reykjavík 1929.

Knud Zimsen: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson færði í letur. Reykjavík 1952.

Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Höfundar: Dennis Jóhannesson, Hjörleifur Stefánsson, Málfríður Kristjánsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Margrét Hallgrímsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Steinbæir og lítil steinhús í Reykjavík. Könnun á ástandi þeirra 1991*. Skýrslur Árbæjarsafns VI. Reykjavík 1991.

Morgunblaðið, 10. maí 1917, bls. 3; 24. júlí 1926, bls. 1; 12. nóv. 1939, bls. 4; 9. ágúst 1944, bls. 4; 15. nóv. 1944, bls. 3; 17. maí 1953; 11. maí 1972, bls. 6–7; 25. janúar 1984; 3. febrúar 1984; 15. ágúst 2006; sjá <http://mbl.is/mm/gagnasafn/> og <http://timarit.is/mbl/>.

Nikulás Úlfar Másson: „Ágrip byggðarþróunar í Reykjavík“. *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000, bls. 16-23.

Páll Líndal: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík 1982.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1.-3. bindi. Reykjavík 1988.

Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970. Ritröð Húsafriðunarnefndar ríkisins: Viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa. Reykjavík 2000.

Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur. Þróun höfuðborgar*. Reykjavík 1986.

Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi frá landnámi til líðandi stundar*. Reykjavík 2002.

Vilmundur Jónsson: „Sjúkrahús og sjúkraskýli á Íslandi“ úr Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson: *Læknar á Íslandi*. Annað bindi, bls. 351–438

Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur – í þúsund ár. 870-1870*. Fyrri hluti. Reykjavík 2002.

„Örnefnaskrá. Reykjavík og Seltjarnarnes“. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Vefsíður:

Borgarvefsjá, <http://www.borgarvefsja.is/website/bvs/bvs.htm> (29.01.2007).

Kristín Lóa Ólafsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir: „Gamlir urðunarstaðir í Reykjavík“. Skýrsla á vefsíðu umhverfisstofu: http://www.umhverfisstofa.is/Files/Skra_0014648.pdf (19.12.2006).

Landskrá fasteigna, <http://www2.fmr.is/landskra/> (15.08.2006).

Morgunblaðið, greinar frá 1917–1985, <http://timarit.is/mbl/> (03.01.2007).

Morgunblaðið, gagnasafn, greinar frá 1986–2006, <http://mbl.is/mm/gagnasafn/> (15.08.2006).

„Selsvör“, *Wikipedia*, <http://www.juugle.info/is/Selsvor> (19.12.2006).

Þjóðskjalasafn Íslands, manntalsgrunnur: <http://www.archives.is/manntol/> (08.12.2006).

Myndaskrá

Þær myndir sem ekki er getið um tók Drífa Kristín Þrastardóttir á vettvangi í október 2006.

Forsíða. Byggðin suðaustan Ánanausta og Vesturgötu á loftmynd frá 1963. Ljós. Sveinn Þormóðsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, SVP 001 034 3–3.

Bls. 5. Kort af svæðinu úr *Borgarvefsjá*. Tekið eftir: <http://www.borgarvefsja.is/website/bvs/bvs.html>, 29.01.2007.

Bls. 6. Gamla sóttvarnarhúsið við Ánanaust á mynd frá um 1970. Ljós. Sveinn Þórðarson. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, SP 997.

Bls. 7. Litlasei á mynd frá um 1970. Ljós. Sveinn Þórðarson. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, SP 1316.

Bls. 7. Bakhlið Jórunnarsels á mynd frá um 1970. Ljós. Sveinn Þórðarson. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, SP 1315.

Bls. 8. Reiturinn á loftmynd frá eftirstríðsárunum. Ljós. Sigurhans E. Vignir. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, VIG 1–2B.

Bls. 10. Hluti af korti Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík og nágrenni um 1850. *Þjóðskjalasafn Íslands*. Hér tekið eftir dagatali útgefna af Árbæjarsafni 1986.

Bls. 11. Hluti af korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*.

Bls. 12. Litlasei og Jórunnarsel. Ljós. óþekktur. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, abs. 10.460.

Bls. 13. Hluti af korti Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kmh. af Reykjavík 1902. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*.

Bls. 14. Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar af Reykjavík 1915–1920. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*.

Bls. 15. Selbúðir á mynd frá árinu 1942. Ljós. Sigurhans E. Vignir. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, abs. 10.461.

Bls. 16. Timburhúsið sem stóð við Vesturgötu 67. Ljós. Sveinn Þórðarson. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, SP 1318.

Bls. 16. Seljavegur 10 á mynd frá 1976. Ljós. Sveinn Þórðarson. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*, SP 1001.

Bls. 17. Hluti af hitaveitukorti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1939–1941. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*.

Bls. 18. Hluti af staðgreinikorti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1965. *Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn*.

Skýrslur Árbæjarsafns

- 105 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Grettisgata, Rauðarárstígur, Njálsgata* Rvk. 2004.
- 106 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt, Brautarholt, Einholt, Háteigsvegur, Laugavegur, Mjöllnisholt, Stakkholt, Þverholt*. Rvk. 2004.
- 107 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Lækjargata, Skólalbrú, Pósthússtræti*. Rvk. 2004.
- 108 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík*. Rvk. 2004.
- 109 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Framnesvegur, Holtsgata, Seljavegur, Vesturgata*. Rvk. 2004.
- 110 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Bergstaðastræti, Bjargarstígur, Grundarstígur, Óðinsgata, Spítalastígur*. Rvk. 2004.
- 111 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Hamarsgerði, Langagerði, Sogavegur, Tunguvegur*. Rvk. 2004.
- 112 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*. Rvk. 2004.
- 113 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut, Hverfisgata, Rauðarárstígur, Laugavegur*. Rvk. 2004.
- 114 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Grandavegur, Eiðsgrandi, Hringbraut, Framnesvegur*. Rvk. 2004.
- 115 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots*. Rvk. 2004.
- 116 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifar í hluta Suðurgötu, Vonarstrætis og Túngötu*. Rvk. 2004.
- 117 Anna Lís Guðmundsdóttir, Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurbíóhöfn*. Rvk. 2005.
- 118 Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning Bakka og Bakkakots á Kjalarnesi*. Rvk. 2004.
- 119 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Laufásvegur, Hringbraut, Smáragata, Njarðargata*. Rvk. 2004.
- 120 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Holtsgata, Bræðraborgarstígur, Sólvallagata, Vesturvallagata*. Rvk. 2004.
- 121 Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Þjóðleikhússreitir*. Rvk. 2004.
- 122 Páll V. Bjarnason og Guðfinna Ósk Erlingsdóttir: *Húsakönnun. Barónsstígur, Bergþórugata, Vitastígur, Njálsgata*. Rvk. 2004.
- 123 Páll V. Bjarnason og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Verkamannabústaðirnar við Hringbraut*. Rvk. 2005.
- 124 Helga Maureen Gylfadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Ægisíða 50–98 (sléttar tölur)*. Rvk. 2005.
- 125 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti*. Rvk. 2005.
- 126 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vonarstræti, Templarasund, Kirkjutorg, Skólalbrú, Lækjargata*. Rvk. 2005.
- 127 Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Grettisgata, Snorrabraut, Laugavegur, Rauðarárstígur*. Rvk. 2005.
- 128 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Hverfisgata, Laugavegur, Rauðarárstígur, Skúlagata*. Rvk. 2005.
- 129 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Bergþórugata, Vitastígur*. Rvk. 2006.
- 130 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur. Óskjuhlíð – Nauthóll*. Rvk. 2006.
- 131 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Frakkastígur, Grettisgata, Vitastígur, Bergþórugata*. Rvk. 2006.
- 132 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Austurstræti, Pósthússtræti, Hafnarstræti, Lækjargata*. Rvk. 2006.
- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.